

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Nafn leikskóla

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	3
Leiðarljós leikskólans:.....	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum.....	6
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra á Laut, Kjarri og Hlíð um starfið á síðasta ári.....	7
3 Ytra mat	13
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	14
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	16
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	16
7 Foreldrasamvinna.....	17
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>).....	18
9 Skipulagsdagar.....	18
10 Fylgigögn.....	19
10.1 Matsgögn.....	19
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	19

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Þann 1. júlí árið 2018 tók ég við sem leikskólastjóri í leikskólanum Steinahlíð. Í leikskólanum eru um 14 stöðugildi þó einhverjar breytingar geti orðið á því eftir samsetningu barnahópsins hverju sinni. Þann 1. nóv 2018 eru starfsmenn 15.

Talsverðar mannabreytingar áttu sér stað á mínum fyrstu mánuðum sem leikskólastjóri. Auk leikskólastjóra hætti aðstoðarleikskólastjórinn og tveir af þremur deildarstjórum. Einnig varð nokkur endurnýjun á fólki inni á deildum. Breytingar sem þessar setja óneitanlega mark sitt á skólaþróun og þær áherslur sem lagt verður upp með fyrir veturinn 2018 -2019. Áherslur skólans verða:

Öryggi og vellíðan barna, kennara og foreldra. Börnum sem líður vel eru tilbúinn að kanna og uppgötva umhverfi sitt og taka virkan þátt í því starfi sem fram fer á leikskólanum. Starfsfólki sem líður vel í vinnunni gefur af sér til barnanna og mætir þörfum hvers og eins barns. Foreldrasamstarf er afar mikilvægt í öllu starfi leikskólans. Ánægðir foreldrar gefa af sér og eru tilbúnir til samstarfs við leikskólann.

Leggja áherslu á umhverfismennt og útinám. Við þurfum að nýta það sem við höfum. Það er enginn leikskóli á höfuðborgarsvæðinu, þó víðar væri leitað sem státar af þeirri lóð sem við höfum upp á að bjóða. Þessa lóð þarf að nýta til ræktunar, uppgötvunarnáms og náttúrufræðslu með börnum eins og verið hefur.

Skapa örvandi leikskólaumhverfi. Hér er um svolítið teygjanlegt hugtak að ræða. Starfsfólk skólans var þó þeirrar skoðunar að þetta markmið væri mjög mikilvægt fyrir öll börn. Við hugsum þetta til dæmis í samhengi við listsköpun, málörvun, söng og frjálsan leik og nýta þau tækifæri sem okkur bjóðast. Við höfum auka hús sem þarf að nýta markvist. Ekki þarf endilega að einskorða sig við ákveðna nýtingu á húsinu, við þurfum að nýta vel alla þá fermetra sem við höfum upp á að bjóða.

Hér eiga að koma helstu áherslur í skólaþróun á árinu og annað sem kemur að fagmennsku leikskólans og/eða það sem var einkennandi fyrir árið.

Skólaþróun skólans tengis mjög náið þeim þremur áhersluþáttum sem nefndir eru hér að ofan. Vísitandi var lagt upp með það að fara ekki í mörg atriði, valið var að hugsa sér færri og einfaldari markmið sem mundu þá nást. Við viljum skapa nánd við foreldra og hugsum um þá sem sérfræðinga í sínu barni. Við höldum foreldrum eins upplýstum og kostur er um það sem fram fer í leikskólanum.

Það gerum við með viðtölum, bæði formlegum og óformlegum og tölvupósti, minnst vikulega. Heimasíðu skólans þarf að efla til mikilla muna. Verið er að kanna hvort núverandi heimasíða verði uppfærð eða hvort möguleiki sé á því að fá nýrri heimasíðu. Ljóst er að lending þarf að fást í það mál mjög fljótlega.

Kennarar skólans fylgjast með og taka þátt í þeirri starfsþróun sem kostur er. Má þar nefna deildarstjóranámskeið, trúnaðarmannanámskeið og önnur námskeið er koma að sérkennslu.

Enginn leikskóli á höfuðborgarsvæðinu hefur þá lóð sem við höfum upp á að bjóða. Það er mikill vilji hér innanhús að efla útikennslu og nýtingu á lóðinni. Svála sem er í 60% starfi á elstu deildinni okkar hefur verið að sinna útikennslu mjög vel. Nú mun Svála fá liðstyrk frá Lárusi sem verður 50% með útinám ásamt Svölu ásamt því að vera 50 % deildarstjóri á Kjarri. Lárus og Svála munu í sameiningu taka börnin í skipulagða kennslu úti.


Við höfum tekið ákvörðun um það að sameiginlegar söngstundir verði annan hvern föstudag. Fyrsta söngstund vetrarins var föstudaginn 5. október. Söngstundir eru eitthvað sem allur skólinn gerir saman, við hittumst þá og syngjum lög. Við ætlum að efla listsköpun með því að gefa henni aukið rými í dagskipulaginu. Nýting á þriðja húsinu okkar, Úthlíð, kom einnig til tals. Vel mætti nýta það hús betur, hugsanlega undir meðal annars listsköpun.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Innra mat á leikskólastarfi leikskólans Steinahlíðar var unnið á skipulagsdögum sem fram fóru í ágúst og í lok september. Skipt var í hópa eftir deildum og starf síðasta vetrar var rætt. Miklar mannabreytingar gerðu þá vinnu nokkuð erfiða. Hóparnir skiluðu svo greinargerð til leikskólastjóra. Ætlunin er að hafa endurmati með svipuðum hætti næsta haust. Þá munum við fara yfir það á skipulagsdegi hvernig veturinn gekk og hvort þeim markmiðum sem sett eru hér fram hafi verið náð.

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og

markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lautar um starfið á síðasta ári .

Innra mat - Laut

Það sem gekk vel hjá okkur á Laut var vel skipulagt og skýrt hópastarf með börnunum. Gott að geta farið og opnað möppu og séð strax hvað við áttum að gera með börnunum í hópastarfi hvern dag fyrir sig og skipta hópunum á milli okkar vikulega til að jafna álag á hvern starfsmann.

Aðlögun barna gekk mjög vel, samskipti við foreldra og öll samvinna milli starfsmanna.

Það sem betur mætti fara væri helst vinnuaðstaða. Sjá betur til þess að öll verkfæri virki og séu ekki biluð til að minnka óþarfa álag á starfsmenn. Mannekla hafði neikvæð áhrif á faglegt starf.

Í vetur hafa allir farið einu sinni í starfsþróunarviðtal nema einn starfsmaður sem er að hætta.

Svo var haldinn drullumallsdagur, ömmu og mömmu/afa og pabba kaffi, ruslatísludagur, Jólball og jólakaffi með foreldrum sem gekk allt mjög vel og alltaf góð mæting foreldra.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vinnuaðst aða	Bæta vinnuaðstöðu	Versla naðsynlegan búnað og sjá til þess að hann virki sem skildi	Gerist í skrefum. hefur að hlutatil þegar farið fram	Leikskólastjóri, starfsfólk er duglegt að láta vita þegar eitthvað er að.	Jafnt og þétt. Hluta til komið til framkvæmda Starfsdagar.	Að fólk sé sáttt við þá aðstöðu sem það hefur, hún sé ekki heilsuspillandi.
Starfsman naekla	Minnka álag á starfsfólk. Þjóða börnum upp á góðar uppeldisaðstæð ur	Ráða fólk, raða fólki niður eftir barngildum.	Gerist strax og endurmet ið jafn óðum.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Strax og einnig um leið og eitthvað breytist.	Vera sem minnst undirmönnuð, líðan fólks sé góð

Innra mat – Kjarr

Endurmat á Kjarr (veturinn 2017/2018)

Jane hefur verið með hópastarf alla daga, stundum tekið það með útinámi barnanna.

Það sem var gert meðal annars er pappírsgerð, þæfing, málun, stór hópaverkefni, unnið mikið með náttúru efnið, verðlaust efni, blöndun lita o.s.frv

Rauði þráðurinn er náttúran og að nota efni sem við finnum hér á Steinahlíð og nota hugmyndir frá börnunum.

Myndir og verkefni eru merkt og hengd upp eða farið sem fyrst með heim, börnin muna ekki eftir myndunum ef þær eru geymdar í möppu. Það er mikilvægt að börnin geti sagt foreldrum frá myndunum og verkefnum sem fyrst. Það fylgja líka alltaf útskýringar um verkefni.

Mikilvægt er að myndlistin sé gerð af börnunum ekki kennurum.

Nokkuð var um erfiðleika í starfsmannahaldi, en ýmislegt gekk þó samt vel.

Við notuðum Úthlíð mikið og fórum í fuglaskoðun eða göngutúr daglega (börnunum skipt niður í litla hópa).

Fuglaleikurinn var á sínum stað, fuglafræðingurinn „veiddi“ ein fugl. Það voru til spjöld með fugla nöfum á og bréfa-klemmur fastar við svo að það var hægt að veiða fuglinn með veiðistöng. Svo voru lesnar nokkrar upplýsingar um fuglinn farið á Fuglavefinn í tölvunni og hlustað á fuglahljóðið.

Fuglafræðingurinn fór svo út að gefa fuglunum. Þetta heppnaðist bara mjög vel

Við gerðum svo eins leik með blómin núna í vor og það var bókin „Íslensk flóra“ sem var notuð í þeirri vinnu.

Við vorum líka með Grænálfa, 2 börn sem sáu um Svanga Manga (fata sem hýðið utan af ávöxtunum úr ávaxtastundinni fer í og er svo tæmt í moltutunnu), fara út að tína rusl, passa að slökkva ljósin, passa að þegar börnin eru að þvo sér að vatnið renna ekki endalaust.

Samveru hefur gengið vel, mikið lesið, sungið og litið til veðurs. Veðurfræðingurinn lítur til veðurs og hefur það gengið rosa vel. Borðþjónn hefur gefið ávexti í ávaxtastundinni en hann ætti líka að leggja á borð fyrir matinn.

Foreldrasamtal er tekið einu sinni á ári, síðast núna í mars af Kristínu deildarstjóra. Á haustin er uppskeruhátíð þar sem foreldrum er boðið. Í jólaáðventunni eru hengd upp ljóðin um jólasveinana og eitthvað tengt þeim upp í tré hingað og þangað um lóðina og svo ganga börnin um með foreldrum sínum, skoða, lesa og upplifa. Á þorranum er pabba- og afakaffi. Á Góunni er mömmu- og ömmukaffi. Í maí / júní eru „drullumallsdagur“ en þá er farið með vatn fyrir utan Hlíð og drullumallað þar með börnum og foreldrum. Allt hefur þetta verið mjög vel heppnað og mæting góð.

Kristín tók foreldrarviðtölin.

Samstarf á milli Steinhlíðar og Vogaskóla, m.a. útlistaverk v/barnamenningaahátíðar. Verður vonandi afur 2019. Þetta var verkefni með elstu börnum leikskólans.

Höfum farið með yngri börn að horfa á leikrit í Vogaskóla. Einnig er búið að vera samstarf á milli Steinhlíðar og elliheimilisins Markar. Heimsóknir hafa verið á borgarbókasafnið (Sólheimasafn), en það mætti vera oftari, eða einu sinni í mánuði.

9: Skólaheimsókn á Akranes, eineltisáætlun og fræðsla.

Kominn er tími á skyndihjálparnámskeið. Slíkt námskeið mun fara fram 19. nóvember 2018.

Innra mat – Hlíð Elstu börnin

Síðasta ár gekk brösulega á Hlíð þar sem mikið var um forföll starfsmanna og í janúar 2018 hætti þáverandi deildarstjóri og var deildarstjóri Lautar færður yfir til að taka við deildinni tímabundið.

Hópastarf fór hægt af stað fyrir áramót en eftir áramót var því komið í skipulagt ferli og gekk það vel. Hópastarf var sett tvisvar í viku. Börn fædd 2013 fóru í útihópastarf og vísindi en elstu börn (2012) fóru í hópastarf í Úthlíð og unnu þar flóknari verkefni, byrjuðu úti í hópastarfinu og færðu það svo inn. Hópastarf og vísindi gekk mjög vel. Ætlum fyrir haustið að hafa útihópastarf og hópastarf inni til að bæta við myndlistina og svo eftir áramót að bæta inn vísindunum og flétta því inn í hópastarfið, úti eða inni.

Myndlist var tekin inn í daglegt starf á deildinni og allur laus tími nýttur í föndur og sköpun fyrir þau börn sem vildu. Ætlum næsta haust að hafa það meira skipulagðara þannig að öll börn fái að gera eitthvað.

Breytt var frá einum kaffitíma í hádeginu yfir í tvískipta kaffitíma. Ekki er komin full reynsla á það, mögulega verður prófað aftur á hafa einn kaffitíma í hádeginu.

Ytra mat

Ekki fór fram neitt ytra mat í leikskólanum Steinhlíð veturinn 2017 – 2018.

3 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Börn sem eru með úthlutaðan stuðning á leikskólanum eru tvö talsins. Á síðasta ári var það u.þ.b. eitt stöðugildi sem sá um það, misjafnt hvort það voru einn eða tveir starfsmenn sem sinntu því.

Á leikskólanum er mikið lesið og börnum er skipt í aldursskipta hópa þar sem bækur eru lesnar eftir erfiðleikastigi. Leikskólinn leggur einnig mikið uppúr útinámi þar sem er farið í orða og minnisleiki. Á elstu deild var farið markvisst í Lubba, þar sem var bæði lesið og hlustað á geisladiskinn.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar af sérkennslustjóra og stuðningsaðila barns. Hvert barn sem er með stuðning er með námskrá sem unnið er markvisst eftir.

Teymisfundir eru reglulega fyrir börn sem eru með úthlutaðan stuðning, þeir eru misjafnlega ört en þó á sirka 8 vikna fresti. Teymisfundir fyrir önnur börn sem eru á borði sérkennslustjóra en ekki með úthlutaðan stuðning eru einnig reglulega teymisfundi en þeir eru þó sjaldnar, um þrisvar til fjóru sinnum á ári. Einnig geta foreldrar alltaf óskað eftir fundi ef þeir telja þess þörf. Á teymisfundi kom alltaf sérkennsluráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis sem kom inn með ráðgjöf fyrir bæði leikskóla og foreldra.

Það hefur verið gott samstarf við þjónustumiðstöð og auðvelt að leita til sérkennsluráðgjafa. Helsti ókostur er að það getur verið erfitt að ná í félagsráðgjafa þegar þörf er.

Sérkennslustjóri og stuðningsaðilar eru með fasta fundi einu sinni í viku til að fara yfir stöðu þjálfunar. Sérkennslustjóri fer einnig reglulega inn á deildar að fylgjast með og reynir að vera með ráðgjöf þar sem við á.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Aðgengi að félagsráðgjafa	Flýta boðleiðum milli leikskóla og félagsráðgjafa	Vera duglegri að fylgja samskiptum eftir	Nú þegar	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri	Eftir hvert mál fyrir sig	Stuttur viðbragðstím i frá félagsráðgjafa

4 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Ekki hefur verið unnið mikið fjölmenningarlegt starf á leikskólanum. En við höfum alltaf rætt um mismunandi menningu þegar það málefni kemur upp og hversu lík við erum þrátt fyrir að við séum ólík í útliti. Á Hlíð er mikið lesið og orð útskýrð sem flókin eru og einnig höfum við mikið verið að vinna með Lubba (Lubbi finnur málbeinið) og æft hljóðin sem að fylgja stöfunum. Það eru sungnir söngvar hér með hreyfingum (tákn með tali) og bæði sungin flókin lög og einföld. Einnig er farið mikið með vísur/þulur og rím.

Á skipulagsdegi fengum við smá kynningu á vefnum Tungumál er gjöf sem er vefur fyrir leikskóla þar sem markmiðið er að efla mál og læsi barna sem hafa íslensku sem annað mál. Því miður hefur starfsfólk ekki gefið sér tíma í að kynna sér þann vef nánar. Myndi vilja sjá það sett fyrir í undirbúning starfsfólks að kynna sér vefinn og leiðir til málörvunar fyrir börn af erlendu bergi brotin.

Það er alltaf fylgst með framförum barnanna og skráð niður fyrir foreldraviðtöl. Ef okkur finnst framfarir ekki nógu góðar leitum við leiða til að aðstoða barnið við að ná framförum í tungumálinu. Leiðir til þess eru jafnvel aukin málörvun heima, t.d lesa bækur, syngja á íslensku eða jafnvel leyfa þeim að horfa á íslensk barnaefni. Leikskólinn á spjaldtölvur, í þeim eru forrit sem nýta má til málörvunar. Mjög mikilvægt er að upplýsa foreldra um stöðu barnsins, samvinna milli skóla og heimilis er mjög mikilvæg í öllu skólasterfinu. Einnig er sérkennslustjóri fenginn til að finna leiðir til að aðstoða foreldra og starfsmenn til að auka málskilning og málörvun.

Foreldrum er boðið upp á það val að fá túlk með í fyrsta viðtal (og í foreldraviðtölin) og þar er farið í gegnum allar grunnupplýsingarnar og hvernig aðlöguninni verður háttað. Farið er eftir hverjum og einum hversu löng aðlögun er, sum börn þurfa lengri tíma en önnur. Reynt er að koma öllum upplýsingum til skila þannig að skilningurinn sé til staðar. Myndum vilja þýða helstu upplýsingar fyrir foreldra, t.d um lús, njálg, mikilvægi útiveru og slíkt á þeirra tungumáli þannig að öruggt væri að upplýsingarnar væru að skila sér rétt.

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölin voru eftir áramót í febrúar/mars. Þau gengu vel og allir á Hlíð ánægðir með þau. Starfsmenn fengu blað um spurningar og umhugsunarefni með sér heim. Farið var í gegnum þessar spurningar í viðtalinu og starfsmenn fengu tækifæri á að segja sjálfir hvernig þeim fannst starfið ganga, hvað mætti betur fara, hverju þeir myndu vilja breyta/bæta, og leiðir til að bæta sig í vinnu/starfi. Einnig farið í gegnum starfsþróun og hverju starfsmenn langar að bæta við sig, eitthvað námskeið sem þeir hafa áhuga og slíkt.

Fengum fyrirlestur frá henni Vöndu Sigurgeirsdóttur í september um Einelti og jákvæð samskipti. Mjög góður fyrirlestur og gaf okkur margar góðar hugmyndir. Mætti alveg endurtaka þann fyrirlestur á tveggja ára fresti.

19. nóvember 2018 verður skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn leikskólans Steinahlíðar. Námskeiðið hefur verið haldið annað hvert ár, komið er að því að halda slíkt námskeið nú í ár. Tilhögunin verður sú að við munum fara í leikskólann Brákaborg og vera á námskeiðinu með starfsfólki Brákaborgar.

Önnur námskeið og fyrirlestrar munu miðast all nokkuð að þeim þremur áherslupáttum sem rætt var um hér að ofan. Þeir eru útinámið, öryggi og vellíðan á breiðum grundvelli og að skapa örvandi leikskólaumhverfi.

Einn starfsmaður mun fara á Eflingarnámskeið sem heitir Fagnámskeið I. Kennsla fer fram þrjá morgna í viku. Námskeiðið stendur yfir í um sex vikur.

Eitt af fyrstu verkum nýs leikskólastjóra var að ræða við þá starfsmenn sem ætluðu að starfa áfram í leikskólanum Steinahlíð. Þessi viðtöl voru tekin í ágúst 2018. Tilgangur þeirra var að átta sig á líðan starfsmanna og hvort einhverra úrbóta væri þörf án tafar. Formleg starfsþróunarsamtöl fara fram í janúar og febrúa 2019. Leikskólastjóri mun sjá um undirbúning og framkvæmd þessara viðtala.

6 Foreldrasamvinna

Foreldraráð: Kjósa á í foreldraráð í september ár hvert og eiga að vera þrjár fulltrúar í foreldraráði. Halda á fundi 2-3svar yfir önn en held það hafi verið mun sjaldnar þetta ár. Gæti giskað á að það fyrir allt árið hefðu verið 2-3 fundir, ásamt tölvupóstsamskiptum.

Foreldrafundir: Foreldrafundir eru alltaf á haustin, í september. Fyrst var reynt að hafa alla starfsmenn á fundinum en það gekk illa og ákveðið að hafa einungis deildarstjóra og leikskólastjóra. Gekk mun betur. Kosið var á þessum fundi í foreldraráð, foreldrafélag og umhverfisráð.

Foreldraviðtöl: Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, um haustið og vorið. Reynt er að hafa haust viðtölin í október/nóvember og vor viðtölin í febrúar/mars. Bæði viðtölin drógust á langin og voru haust viðtölin í enda nóvember/byrjun desember og vor viðtölin voru langt komin inn í apríl.

Haustviðtölin eru að jafnan stutt og er farið yfir helstu atriði með foreldrum, vistunartíma, klæðnað, stöðu barnsins og slíkt.

Á vorin eru viðtölin ítarlegri og þar er farið betur yfir þroskaferil barnsins, hvar það sé statt þroskalega séð og félagslega.

Fyrrum deildarstjóri á Hlíð gaf okkur uppkast af foreldraviðtali sem að hún hannaði og var ánægja með að nota það blað til að fylla inn í.

Foreldrafélag: Kosið er í foreldrafélag Steinahlíðar á foreldrafundi og eru að jafnan 3-4 sem sitja í foreldrafélaginu. Meðlimir sjá um að rukka inn fyrir sjóðinn sem notaður er í ýmiskonar uppákomur. T.d með því að kaupa ávexti og safu fyrir drullumalldaginn sem haldinn er oftast vikuna eftir 17.júní. Mikil ánægja er með þann dag og gekk hann mjög vel síðast en eina sem hefði betur mátt fara var að meðlimir í foreldrafélaginu hefðu mátt kaupa safu í stórum fernum til að hella úr en ekki úr litlum einnota fernum. Mikil vinna fyrir starfsmenn leikskólans að týna fernurnar út um allan garð og endurvinna þær. Einnig sá foreldrafélagið um sveitaferðina sem farið var þetta árið og er farin slík ferð á tveggja ára fresti. Bjarteyjarsandur varð fyrir valinu og voru foreldrar og starfsmenn almennt ánægðir með það.

Foreldrafélagið sér um að leigja jólasvein fyrir krakkana og hefur ávallt verið leigður sér íslenskur jólasveinn og er mikil ánægja með það.

7 Samstarf leik- og grunnskóla *(Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna)*

Það hafa komið nemendur úr 9.bekk frá Vogaskóla á haustönn til að lesa fyrir elstu börnin. Það hefur reynst vel og elstu börnin hafa verið mjög ánægð með þessa lestrarstund.

Það eru skólaheimsóknir í Vogaskóla fyrir elstu börnin og eru þær 2-3. Ein að hausti og tvær (eða 1) að vori.

Það koma stundum nemendur úr Vogaskóla í heimsókn til okkar til að nýta garðinn í leik og starfi.

Það eru skilafundir á vorin upp í Vogaskóla sem að deildarstjóri/leikskólastjóri sér um að fara á og skila af sér þeim börnum sem fara í Vogaskóla.

Elstu börn leikskólans munu þreyta Hljóm 2 próf. Prófinu er ætlað að skima fyrir lestrarörðugleikum. Komi nemandi slakur út á prófinu munum við láta foreldra vita, að auki verður unnið með þá þætti sem ekki komu nógu vel út úr prófinu sérstaklega í litlum vinnustundum. Niðurstöðum úr Hljóm 2 prófunum er skilað til grunnskóla. Leikskólastjóri mun leggja prófið fyrir börnin í október og byrjun nóvember 2018.

8 Skipulagsdagar.

Skipulags- og námskeiðsdagar í leikskólanum eru sex talsins. Þeir verða sem hér segir:

24. ágúst 2018 – 28. september 2018 – 19. nóvember 2018 – 11. janúar 2019 – 22. mars 2019 –
13. maí 2019

Dagarnir 19. nóv 2018, 22. mars 2019 og 13 maí 2019 eru einnig skipulagsdagar í Vogaskóla

9 Fylgigögn

9.1 Matsgögn

9.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

Foreldraráð telur að leikskólinn sé mjög heppin með það starfsfólk sem hefur starfað. Starfsmenn gæta öryggi barna til fyllstu og koma fram af mikilli virðingu og hlýju við börn og foreldra þrátt fyrir mikla manneklusíðasta vetur. Við höfum lesið yfir starfsáætlun og teljum ýmislegt mætti vera ítarlegri. Við yfirlestur áætluninnar höfum við skrifað nokkrar athugasemdir og skilað til leikskólastjóra.

Foreldraráð telur skynsamlegt að áherslur og markmið leikskólans séu fá en mikilvæg með tilliti til nýjan starfsmannahóp. Foreldraráð kallar þó sérstaklega eftir ítarlegri útlistun á faglegu starfi ásamt þeim markmiðum sem stefnt er að. Einnig myndum við vilja sjá læsisstefnu Steinahlíðar eins og stefnt var að í námsskrá 2015. Hefur námsskrá verið endurnýjuð síðan 2015?

Foreldraráðið telur að það sé forréttindi barnanna að vera á Steinahlíð það sem þau fá að upplifa æðilsegt útisvæði og áherslan á nærrveru við náttúru og umhverfisvitund er í fyrirrrúmi. Lagt er upp með að foreldrar taki þátt í starfi barnanna og þar eru t.d. drullumallsdagurinn, ruslatýnsludagurinn, kaffiboð til fyrirmyndar.

Foreldraráð lítur björtum augum fyrir komandi vetur og starfsandinn í leikskólanum virðist vera góður. Við finnum fyrir miklum eldmóð og jákvæðni hjá starfsmönnum.

F. h. leikskólans

Bergsteinn Þ. Jónsson 30. okt. 2018

Leikskólastjóri

Dagsetning

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 L	1 M	1 F	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Nýársdagur	1 F Dagur stærðfræðinnar	1 F	1 M	1 M Barnamenningarhátíð/Verka	1 L	1 M
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F Barnamenningarhátíð	2 S Sjómannadagurinn	2 Þ
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F Barnamenningarhátíð	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M	4 M Bolludagur	4 F	4 L Barnamenningarhátíð	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F	5 S Barnamenningarhátíð	5 M	5 F
6 M Fridagur verslunarmanna	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S Þrettándinn	6 M Dagur leikskólans	6 M Öskudagur	6 L	6 M	6 F	6 L
7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F Leikskólaráðstefnan	7 F	7 S	7 Þ	7 F Skólaslit í grunnskólum	7 S
8 M	8 L Dagur læsis	8 M	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 L	8 Þ	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S Hvítasunnudagur	9 Þ
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M Annar í hvítasunnu	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F Skipulagsdagur	11 M	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M Skipulagsdagur	13 F	13 L
14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S Pálmásunnudagur	14 Þ	14 F	14 S
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S Konudagur	17 S	17 M	17 F	17 M Lyðveldisdagurinn	17 M
18 L	18 Þ	18 F Vetrarfrí grunnskóla	18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 F Skirdagur	18 L	18 Þ	18 F
19 S	19 M	19 F Vetrarfrí grunnskóla	19 M Skipulagsdagur	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Föstudagurinn langi	19 S	19 M	19 F
20 M	20 F	20 L	20 Þ Dagur mannréttinda barna	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F	21 S Páskadagur	21 Þ	21 F	21 S
22 M Skólasetning	22 L	22 M Vetrarfrí grunnskóla	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F Skipulagsdagur	22 M Annar í páskum	22 M	22 L	22 M
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F Skipulagsdagur	24 M	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ Jólardagur	25 F Bóndadagur	25 M Vetrarfrí grunnskóla	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L	25 Þ	25 F
26 S	26 M Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 M	26 M Annar í jólum	26 L	26 Þ Vetrarfrí grunnskóla	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 Þ	28 F Skipulagsdagur	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ		29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M		30 L	30 Þ Barnamenningarhátíð	30 F Uppstigningardagur	30 S	30 Þ
31 F		31 M		31 M Gamlársdagur	31 F		31 S		31 F		31 M